



Styrktarsamtök heilsugæslustöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri gáfu Heilsugæslustöðinni á Klaustri tæknibúnað til notkunar í fjarheilbrigðisþjónustu og fylgihluti, samtals að verðmæti kr. 7,5 millj.



Lionsklúbbarnir Embla, Selfoss, Geysir, Eden, Laugardalur og Skjaldbreiður gáfu sjúkraflutningum Árnessýslu Lucas hjartahnoðtæki, að verðmæti tæpl. kr. 2,5 milljónir.



Kvenfélag Eyrarbakka gaf bráða- og slysamóttöku Selfoss blóðþrýstingsmæli og hjólastand – að verðmæti kr. 352 þúsund og brjóstadælu fyrir mæðravernd Heilsugæslu Selfoss að verðmæti kr. 238 þúsund. Samtals verðmæti gjafa kr. 590 þúsund.



Kvenfélag Laugdæla gaf Heilsugæslu Laugaráss peningagjöf, ágóði af bingósölu að upphæð kr. 100 þúsund.



Oddný Jósepsdóttir færði Heilsugæslunni í Laugarási stafræna myndavél og bók um snemmtæka íhlutun í málþroska barna.

Verðmæti gjafa eru um 25,9 milljónir króna

Lionsklúbbur--inn Dynkur gaf Heilsugæslustöð Laugaráss peningagjöf að upphæð kr. 150 þúsund.



Samband sunnlenskra kvenna gaf fæðingarrúm og fylgihluti fyrir ljósmæðradeildina að verðmæti rúml. kr. 2,5 milljón. Gjöfin var gefin í tilefni af 85 ára afmæli sambandsins og tóku 26 kvenfélög þátt í sérstöku þrjónaverkefni og áheitaöngu.



Vinafélag Ljósheima og Fossheima gáfu hjúkrunardeildinni á Fossheimum 50" sjónvarp að verðmæti kr. 150 þúsund.

Helga Kristín Þórarinsdóttir og fjölskylda gáfu hjúkrunardeildinni á Fossheimum 2 hægingastóla – að verðmæti kr. 200 þúsund.

Kvenfélag Oddakirkju gaf heilsugæslu Rangárþings EKG rannsóknatæki – að verðmæti kr. 496 þúsund og Eyrnaskol System ásamt fylgihlutum – að verðmæti kr. 75 þúsund.

Kvenfélagið Eining gaf heilsugæslu Rangárþings mælitæki NycoCard, Reader – að verðmæti kr. 150 þúsund.

Kvenfélag Hveragerðis gaf heilsugæslustöðinni í Hveragerði peningagjöf að upphæð kr. 200 þúsund.

Hótel Selfoss afhenti stofnuninni 15 stk. af 20" sjónvarpsskjám.

Aðstandendur Ragnheiðar Guðmundsdóttur þau Gils og Jarprúður gáfu samlokugrill á Fossheima fyrir góða umönnun hennar á deildinni.

Peningagjafir til nýrrar göngudeildar HSu voru samtals að upphæð kr. 8,5 milljónir. Gjafir þessar eru frá einstaklingum, starfsmönnum og félagasamtökum.



Rangárvallasýsludeild Rauða krossins á Íslandi gaf heilsugæslu Rangárþings Lucas hjartahnoðtæki, að verðmæti tæpl. kr. 2,5 millj. til minningar um Einar Erlendsson.

Hvítasunnusöfnuðurinn á Selfossi gaf HSu leikföng frá heildsölunni Skor að verðmæti 250 þúsund. Leikföngin eru ætluð sem verðlaun til barna sem þurfa á læknishjálp að halda.

Kvenfélag Selfoss gaf Heilsugæslu Selfoss súrefnismettunarmæli að verðmæti tæpl. kr. 72 þúsund.

Elín Þórðardóttir og systkini gáfu kr. 100 þúsund til Ljósheima til minningar um Eyrúnu Guðmundsdóttur frá Kálfhóli.

Guðrún Brynjólfssdóttir, Árni Sigursteinsson og fjölskylda þeirra gáfu 50" sjónvarp á Fossheima að verðmæti kr. 150 þúsund og gefin með þakklæti fyrir góða umönnun við Árna á deildinni.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands færir gefendum bestu þakkir fyrir höfðinglegar gjafir og ómetanlegt er fyrir stofnunina að finna þann hlýhug sem gjöfunum fylgir.